

## Ályktun ÖBÍ 19. júní 2009

Öryrkjabandalag Íslands mótmælir þeim kjaraskerðingum sem koma fram í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þar sem lagðar eru auknar álögur á öryrkja í formi „lágtekjuskatts“, sem taki gildi 1. júlí næstkomandi.

Ríkisstjórn sem ætlar að slá skjaldborg um heimilin í landinu verður að gera sér grein fyrir að öryrkjar reka heimili líkt og þorri landsmanna og þurfa að taka á sig auknar byrðar vegna vaxandi kostnaðar við heimilishald. Öryrkjar eru þar að auki með aukinn lyfja- og læknskostnað ásamt öðrum aukakostnaði sem hlýst af fötluninni eða langvarandi veikindum.

Það er ólíðandi að höggva stöðugt í sama knérunn með „lágtekjusköttum“, sem í sumum tilfellum er hærrí í prósentum en væntanlegur hátekjuskattur. Minnt er á að elli- og örorkulífeyrisþegar urðu fyrir allt að 10% skerðingu á bótum almannatrygginga í janúar sl. Svo virðist sem að lífeyrisþegar verði að taka á sig hlutfallslega meiri fjárhagslegar álögur en aðrir landsmenn. Hvað varð um yfirlýsinguna um að snerta ekki tekjur undir 400 þús. kr. á mánuði? Gilda önnur lögmál um öryrkja og ellilífeyrisþega?

Bág staða þeirra sem treysta verða á hið opinbera til framfærslu er nógu erfið fyrir og því má ekki auka á þann vanda með lægri ráðstöfunartekjum. Slíkar aðgerðir leiða ekki til sparnaðar fyrir ríkið heldur verður til aukinn kostnaður í heilbrigðiskerfinu og félagsmálakerfi sveitafélaganna.

Jafnframt er það hreint siðleysi að lækka mánaðartekjur lífeyrisþega með 10 daga fyrirvara eins og nú er lagt til.

Öryrkjabandalag Íslands krefst þess að ríkisstjórnin dragi til baka þessi áform sín og leiti annarra leiða til að ná fram sparnaði í ríkisfjármálunum.

Öryrkjabandalag Íslands



## Eiga öryrkjar og aldraðir að greiða óreiðuskuldir?

Aðalstjórn Öryrkjabandalags Íslands mótmælir lágtekjusköttum í ályktun sinni sem samþykkt var samhljóma á fundi stjórnar í gærkvöldi (10. júní)

Aðalstjórn Öryrkjabandalags Íslands lýsir þungum áhyggjum yfir bágri stöðu öryrkja og ellilífeyrisþega sem þurfa að treysta á hið opinbera til að geta framfleytt sér og sínum. Fatlað fólk og eldri borgarar nutu ekki hins svokallaða góðæris þar sem uppbygging velferðarkerfisins var ekki í samræmi við velmegun í samfélaginu. Staða fyrrgreindra hópa er mjög þung vegna aukins kostnaðar á nauðsynjum, eins og mat, lyfjum, læknskostnaði og húsnæði. Mjög margir geta ekki látið enda ná saman.

Aðalstjórn ÖBÍ krefst þess að sá stöðugleikasáttmáli sem unnið er að á vettvangi ríkisstjórnar, samtaka atvinnulífs og verkalýðshreyfingar taki einnig til öryrkja og ellilífeyrisþega. Það gengur ekki að 44 þúsund einstaklingar verði hafðir fyrir utan það samkomulag.


Við Íslendingar verðum að hafa kjark til að fara í gegnum þessa erfiðleikatíma með því að verja velferðarkerfið með öllum tiltækum ráðum. Aðför að velferðarkerfinu myndi valda óafturkræfum skaða.

Að mati aðalstjórnar er nú rétti tíminn fyrir íslensk stjórnvöld að endurskoða gildi okkar og setja fólk í forgang.

Aðalstjórn ÖBÍ mótmælir því harðlega að sérstakir lágtekjuskattar verði lagðir á lífeyrisþega.

**Ályktun aðalstjórnar ÖBÍ, 10. júní 2009**


**Mynd 1:** Áhrif lífeyrissjóðstekna á bætur almannatrygginga eftir 1. júlí 2009. Dæmi um væntanlegar skerðingar hjá örorkulífeyrisþegum sem búa einir og eru með aldurstengda örorkuuppþót (15%). Um er að ræða upphæðir áður en staðgreiðslan er dregin frá. Aldur einstaklings við örorkumat 40-45 ára.



Á myndum 1 og 2 má sjá að skerðingar á bótum eru umtalsverðar. Í prósentum talið eru skerðingarnar á greiðslum almannatrygginga á bilinu 0,1 – 76 % en þegar heildartekjur öryrkja eru teknar saman, þ.e. bætur almannatrygginga og greiðslur úr lífeyrissjóði, eru skerðingarnar á bilinu 0,1 – 7,7 %. Eins og sjá má í mynd 2 þá munu lífeyrissjóðsgreiðslur skerða grunnlífeyrinn þrátt fyrir að heildartekjur öryrkja eru undir 170.000 kr. á mánuði.


Vert er að geta þess að hér eru einungis tekin dæmi þegar lífeyrissjóðsgreiðslur skerða bætur almannatrygginga en í frumvarpinu eru fleiri skerðingar fyrirhugaðar. Jafnframt er bent á að þeir sem missa ákveðna tekjuflokka vegna skerðingar á bótum geta misst ákveðin réttindi sem fylgja hverjum bótaflokki fyrir sig. Því má ætla að heildarskerðingar verði hærri en hér kemur fram.

**Mynd 2:** Áhrif lífeyrissjóðstekna á bætur almannatrygginga eftir 1. júlí 2009. Dæmi um væntanlegar skerðingar hjá örorkulífeyrisþegum sem búa með öðrum og eru með aldurstengda örorkuuppþót (15%). Um er að ræða upphæðir áður en staðgreiðslan er dregin frá. Aldur einstaklings við örorkumat 40-45 ára.



## Áhrif lífeyrissjóðstekna á bætur almannatrygginga eftir 1. júlí 2009

Dæmi um væntanlegar skerðingar hjá örorkulífeyrisþegum sem búa með öðrum




## Heildartekjur örorkulífeyrisþega sem búa með öðrum frá 1. júlí 2009

Miðað er við aldurstengda örorkuuppþót 15%. Aldur einstaklings við örorkumat á bilinu 40-45 ára

## Áhrif lífeyrissjóðstekna á bætur almannatrygginga eftir 1. júlí 2009

Dæmi um væntanlegar skerðingar hjá örorkulífeyrisþegum sem búa einir



Heildartekjur örorkulífeyrisþega sem búa einir frá 1. júlí 2009

Miðað er við aldurstengda örorkuþpbót 15%. Aldur einstaklings við örorkumat 40-45 ára